

**11. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
12. júní 2020, kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Samúel Kristjánsson, Valgeir Scott, Þorbergur Kjartansson og Bragi Þór Thoroddsen.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

**1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2021-2033 - 2004002**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Heiðu Hrund Jack skipulagsfulltrúa Ísafjarðarbæjar þar sem óskað er umsagnar á skipulagslýsingu vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar,

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd fagnar því að Álftafjarðargöng séu í skipulagslýsingunni en gerir annars ekki athugasemd við lýsinguna.*

*Samþykkt*

**2. Mastur á Hvítanesi - 2005001**

Tekin fyrir erindi frá Símanum dags. 20.04.2020 um tilkynningarskylda framkvæmd á stálgrindarmastri til fjarskiptaþjónustu í Hestfirði. Fyrir liggur samþykki landeigenda og Vegagerðarinnar.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við framkvæmdina.*

*Hafnað*

**3. Deiliskipulag í Folafæti - 1910005**

Tekin fyrir deiliskipulagstillaga - Vébjarnarstaðir í Folafæti í Súðavíkurbreppi dags. 14. maí 2020.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu sjálfbærs vísindaskála, Vébjarnarstaðir í Folafæti. Meginmarkmið deiliskipulagsins er að gera mögulega uppbyggingu sjálfbærs rannsóknarseturs.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd leggur til við sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst skv.41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.*

*Samþykkt*

**4. Sveinshús - 2005007**

Tekið fyrir erindi frá Rafni Kristjánssyni dags. 23. maí 2020 þar sem sótt er um heimild til að rífa gamla bæinn á Sveinshúsum sem skráður er sem geymsla í Þjóðskrá.

Ástæðan er sú að hann er kominn til ára sinna og kominn að hruni, þakviðir byrjaðir að fjúka.

*Minjastofnun Íslands er með erindið til skoðunar vegna aldurs hússins.*

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir erindið þegar umsögn Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða erindið.*

*Samþykkt*

#### **5. Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum - 2005003**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Skipulagsstofnun fyrir hönd svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum þar sem óskað er eftir að Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum verði tekið til athugunar.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd fagnar því að farin sé af stað vinna við gerð strandsvæðisskipulags. Nefndin gerir ekki athugasemd við lýsinguna.*

*Samþykkt*

#### **6. Fiskeldi í Jökulfjörðum, ósk um umsögn - 2006004**

Tekið fyrir bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 9. júní 2020 þar sem óskað er umsagnar um hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Jökulfjörðum.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að það er ekkert sem mælir á móti því að laxeldi geti átt sér stað í Jökulfjörðum frekar en í Ísafjarðardjúpi.*

*Samþykkt*

#### **7. Eignarhald á Tröð IV - 1212002**

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Þresti Lýðssyni dags. 9. júní sl. er varðar landið Tröð IV. Telur hann að vegna mistaka hafi landið verið ranglega skráð.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd bendir á að Aðalgata 34 er innan jarðarinnar Tröð IV og frestar erindinu til næsta fundar.*

*Samþykkt*

Fundi slitið kl. 16:10.

---

Anna Lind Ragnarsdóttir

---

Hulda Gunnarsdóttir

---

Samúel Kristjánsson

---

Valgeir Scott

---

Þorbergur Kjartansson

---

. fundur Skipulags,bygginga,umhverfis og samgöngunefndar  
15.06.2020